

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 5. desember 2012 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Jensína Lýðsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Álagningareglur fasteignagjalda 2013

Fyrir fundinum lá tillaga að álagningarreglum fasteignagjalda ásamt áætlun um tekjur sveitarfélagsins vegna umræddrar álagningar. Sveitarstjórn samþykkti svohljóðandi álagningarreglur fasteignagjalda fyrir árið 2013:

Fasteignaskattur:

Álagning á íbúðarhúsnæði (A-flokkur) verði **0,40%** af álagningarstofni.

Álagning á opinberar stofnanir (B-flokkur) verði **1,32%** af álagningastofni.

Álagning á verslunar- og atvinnuhúsnæði verði (C-flokkur) **1,58%** af álagningarstofni.

Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði **1,65%** af fasteignamatsverði lóða.

Vatnsskattur:

Vatnsskattur verði **0,3%** af fasteignamati, lágmark 7.000 kr. og hámark 26.000 kr.

Holræsagjald:

Holræsagjald verði **0,2%** af fasteignamati lóða og mannvirkja

Sorphirðugjald /sorpeyðingargjald:

Sorphirðugjald verði **33.550** kr./íbúð fyrir reglubundna sorphirðu og eyðingu. .

Sorpeyðingargjald verði **10.560** kr./sumarhús og íbúðir þar sem ekki er regluleg sorphirða.

Sorpeyðingargjald á hesthús og fjárhús verði **3.730** kr./hús í notkun.

Sorpeyðingargjöld á fyrirtæki verða samkvæmt gjaldskrá.

Leiga ræktunarlóða:

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamati.

Lóðaleiga verði **5.200** kr./ha.

Eftirfarandi reglur gilda um lækkun fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisbega:

1. Fasteignagjöld verða eingöngu lækkuð af íbúðum elli- og örorkulífeyrisbega, sem þeir búa í sjálfir. Til viðmiðunar eru allar tekjur viðkomandi, þar með taldar fjármagnstekjur.
2. **Fasteignagjöld lækki um allt að kr. 36.000,- hjá:**
 - a) Einstaklingum með tekjur allt að 20% yfir óskertar lífeyristryggingar.
 - b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt 20% yfir óskertar lífeyristryggingar.
3. **Fasteignagjöld lækki um allt að kr. 18.000 hjá:**
 - a) Einstaklingum með tekjur allt að 50% yfir óskertar lífeyristryggingar
 - b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 50% yfir óskertar lífeyristryggingar.

2. Fjárhagsáætlun 2013 – 2016 (seinni umræða)

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2013 -2016 til seinni umræðu. Í rekstrarreikningi og rekstraryfirliti áætlunar 2013 kemur fram að heildartekjur samstæðu eru áætlaðar 480.658 þús., þar af eru skatttekjur 317.283 þús. og

Sveitarstjórn Skagastrandar

Fundargerðir

rekstrartekjur 163.375 þús. Rekstrargjöld eru áætluð 458.159 þús. Þar af kostnaður vegna launa áætlaður 245.969 þús. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliðið er áætluð jákvæð um 2.109 þús. en heildarniðurstaða að teknu tilliti til fjármagnsliða verði jákvæð um 7.204 þús. Í sjóðstreymi áætlunar er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri samstæðu verði jákvætt um 46.952 þús. Samanlagðar fjárfestingahreyfingar eru áætlaðar 84.644 þús. Að teknu tilliti til fjárfestinga og fjármögnunarhreyfinga er áætlað að handbært fé lækki um 46.692 þús.

Fjárhagsáætlun 2013 var samþykkt samhljóða.

Í fjárhagsáætlun 2014-2016 er gert ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu samstæðu öll áætlunarárin. Sveitarstjórn ræddi áætlunina en samþykkti hana síðan samhljóða.

3. Sóknaráætlun landshluta (tilnefning tveggja fulltrúa)

Fyrir fundinum lá bréf framkvæmdastjóra SSNV þar sem er kynnt verkefnið Sóknaráætlun landshluta. Þar kemur m.a. fram að sóknaráætlunin feli í sér nýtt verklag þar sem hver landshluti myndi samráðsvettvang um að móta framtíðarsýn og áætlun um sem leggja skuli til grundvallar við úthlutun opinbers fjármagns. Umrætt verklag feli jafnframt í sér breytt samskipti á afmörkuðum sviðum milli ríkis og landshluta. Í bréfinu kemur einnig fram að óskað hafi verið eftir tilnefningum frá mörgum aðilum á Norðurlandi vestra í samráðsvettvanginn og farið sé fram á tilnefningu tveggja fulltrúa frá Sveitarfélaginu Skagaströnd.

Sveitarstjórn samþykkti að tilnefna Adolf H. Berndsen og Halldór G. Ólafsson.

4. Félags og skólaþjónustu A-Hún

a) Fundargerð 30. október 2012

Fyrir fundinum lá fundargerð stjórnar Félags og skólaþjónustu A-Hún þar sem fjárhagsáætlun 2013 var til umfjöllunar. Í fundargerðinni kemur fram að stjórn hefur staðfest fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun.

Fundargerðin var til kynningar.

b) Fjárhagsáætlun 2013

Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að heildarframlög aðildarsveitarfélaga nemi samtals 55.700 þús. en framlög SSNV vegna málefna fatlaðra muni nema 65.130 þús. Skipting framlaga sveitarfélaganna milli málaflokka og verkefna er að vegna almennrar félagsþjónustu verði samtals 37.058 þús. til skólaþjónustu 9.742 þús. og til öldrunarmála 8.900 þús. Áætluð heildarframlög sveitarfélagsins eru 15.118 þús. Fjárhagsáætlunin var til kynningar.

5. Byggðasamlag um menningu og atvinnumál

a) Fundargerð 7. nóvember 2012

Fyrir fundinum lá fundargerð stjórnar byggðasamlagsins þar sem m.a. fjárhagsáætlun 2013 var til umfjöllunar.

Sveitarstjórn Skagastrandar

Fundargerðir

Í 3. lið fundargerðarinnar kemur fram að samþykkt hafi verið að leggja til við sveitarfélögin í Austur Húnavatnssýslu að málefni Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna að Reykjum verði á forræði Byggðasamlags um menningu og atvinnumál í stað einstakra sveitarfélaga í Austur Húnavatnssýslu. Sveitarstjórn samþykkti þetta fyrirkomulag fyrir sitt leyti.

Að öðru leyti var fundargerðin til kynningar.

b) Fjárhagsáætlun 2013

Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að heildarframlög aðildarsveitarfélaga nemi samtals 14.800 þús. Skipting framlaga sveitarfélaganna milli málaflokka og verkefna er að vegna menningarmála verði samtals 9.718 þús. vegna atvinnumála 9.742 þús. og vegna fjármagnsliða 50 þús. Áætluð heildarframlög sveitarfélagsins eru 3.625 þús. Fjárhagsáætlunin var til kynningar.

6. Minnisblað um snjómokstur

Fyrir fundinum lá minnisblað sveitarstjóra um snjómokstur ásamt tillögu að samningi um vélavinnu við verkefnið við Sorphreinsun VH og erindi frá Sigurbirni Björgvinssyni um málið.

Í minnisblaðinu er fjallað um fyrirkomulag snjómoksturs og stöðu hans sl. vikur þegar óveður með mikilli ófærð gekk yfir Norðurland. Fram kom að áætlaður kostnaður vegna snjómoksturs vegna þessa áhlaups sé um 4 milljónir króna. Vegna minnisblaðsins og þeirra erinda sem lágu fyrir fundinum var sveitarstjóra falið að ganga til samninga og koma á skipulagi um moksturinn í ljósi þeirrar umræðu sem varð á fundinum.

7. Bréf:

a. Skipulagsstofnunar dags. 9. nóvember 2012

Í bréfinu er tilkynnt um að með vísan til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála sé minnt á 3. mgr. 42. gr. skipulagslaga þar sem segir: *Birta skal auglýsingu um gildistöku deiliskipulags í B-deild stjórnartíðinda innan þriggja mánaða frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar á tillögunni. Hafi slík auglýsing ekki verið birt innan þess frests telst tillagan ógild.*

Bréfið var til kynningar

b. Heimilisiðnaðarsafnsins, dags. 28. október 2012

Í bréfinu sem er ritað til Byggðasamlags um menningu og atvinnumál er gerð grein fyrir fjárhagslegri stöðu Heimilisiðnaðarsafnsins og að safnið sæki um styrk að upphæð 5.100 þús. fyrir árið 2013. Með bréfinu fylgdi rekstrar- og verkefnaáætlun fyrir árið 2013.

Bréfið var til kynningar þar sem það hafði verið tekið fyrir og afgreitt af stjórn byggðasamlagsins í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

c. Farskólans, dags. 30. október 2012

Með bréfinu er farið fram á rekstrarstyrk að fjárhæð 95 þús. á árinu 2013. Fram kom að gert er ráð fyrir þeim styrk í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Bréfið var til kynningar.

d. Stígamóta, dags. 1. okt. 2012

Með bréfinu er leitað eftir samstarfi um rekstur Stígamóta með því að sveitarstjórn styrki starfsemi samtakanna. Í bréfinu er gerð grein fyrir helstu verkefnum Stígamóta og meðfylgjandi því er fjárhagsáætlun fyrir árið 2013.

Fram kom að ekki er gert ráð fyrir framlagi til Stígamóta á árinu 2013.

Bréfið var til kynningar.

e. Skíðadeildar Tindastóls, dags. 9. nóvember 2012

Með bréfinu óskar skíðadeildin eftir stuðningi við uppbyggingu vetrarferðaþjónustu. Á fundinum kom fram að þegar hefur verið boðað til kynningarfundar um málið.

Bréfið var til kynningar.

f. Sveitarstjóra til Sjávarútvegssráðuneytis, dags. 8. nóvember 2012

Með bréfinu er óskað eftir sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta sem kom í hlut Skagastrandar og kynnt var með bréfi ráðuneytisins dags. 19. okt. sl. Fyrrgreind skilyrði voru samþykkt á fundi sveitarstjórnar 8. nóvember sl. Við umræður um málið kom fram að ráðuneytið hefur nú þegar auglýst sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta á Skagaströnd.

Bréfið var til kynningar.

8. Fundargerðir:

a. Heilbrigðisnefndar Nl.vestra, 13.11.2012

Fundargerðin var til kynningar.

b. Hafnasambands Íslands, 19.11.2012

Fundargerðin var til kynningar.

c. Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, 22.10.2012

Fundargerðin var til kynningar.

d. Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, 7.11.2012

Fundargerðin var til kynningar.

e. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 26.10.2012

Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

Fundargerðin var til kynningar.

f. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 23.11.2012

Fundargerðin var til kynningar.

9. Önnur mál

Fyrir fundinum lá tillaga sveitarstjóra og oddvita að stuðningi við húseigendur íbúðarhúsa á Skagaströnd sem taka inn hitaveitu og þurfa að gera breytingar á húseignum sínum. Miklar umræður urðu um málið og gerðar tillögur til breytinga. Samþykkt að fela sveitarstjóra að útfæra nánar þær hugmyndir sem komu fram á fundinum og leggja fyrir sveitarstjórn.

Oddviti lagði til að veitt verði 100 þús. krónum til Hólaneskirkju og RKÍ deildar Skagastrandar sem sérstaklega verði ætlað til stuðnings við þá sem eru í fjárhagsörðugleikum um jólahátíðina. Samþykkt.

Halldór gerði grein fyrir þeirri vinnu sem hafi verði lögð í skipulag og undirbúning vegna dreifnáms sem fyrirhugað er að verði sett upp í tengslum við FNV.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 11⁴⁵

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Jensína Lýðsdóttir,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson